Bláfjöll - Skíðasvæði í Kópavogi

Ákvörðun um matsskyldu

1 INNGANGUR

Þann 24. september 2018 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Skíðasvæðum Höfuðborgarsvæðisins um fyrirhugaðar framkvæmdir á skíðasvæðinu í Bláfjöllum, í Kópavogsbæ, samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. liði 12.01 og 13.02 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Kópavogsbæjar, Garðabæjar, Hafnarfjarðarbæjar, Kjósarhrepps, Mosfellsbæjar, Reykjavíkurborgar, Seltjarnarnesbæjar, Ferðamálstofu, Framkvæmdastjórnar um vatnsvernd Höfuðborgarsvæðisins, Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, Heilbrigðiseftirlits Kjósarhrepps, Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, Minjastofnunar Íslands, Umhverfisstofnunar, Veðurstofu Íslands og Vinnueftirlitsins.

2 GÖGN LÖGÐ FRAM

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Bláfjöll – Skíðasvæði í Kópavogi. Fyrirspurn um matsskyldu. Landslag ehf. september 2018.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Kópavogsbæ með bréfi dags. 25. október 2018.
- Garðabæ með bréfi dags. 12. október 2018.
- Hafnarfjarðarbæ með bréfi dags. 31. október og 11. desember 2018.
- Mosfellsbæ með bréfi dags. 1. nóvember 2018.
- Reykjavíkurborg með bréfi dags. 30. október 2018.
- Seltjarnarnesbæ með tölvubréfi dags. 30. nóvember 2018.
- Framkvæmdastjórn um vatnsvernd Höfuðborgarsvæðisins með bréfi dags. 24. október 2018.
- Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis með bréfi dags. 30. október 2018.
- Heilbrigðiseftirliti Kjósarhrepps með bréfi dags. 24. október 2018.
- Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur með bréfi dags. 29. október og 20. desember 2018.
- Minjastofnun Íslands með bréfi dags. 15. október 2018.
- Umhverfisstofnun með bréfi dags. 30. október 2018.
- Veðurstofu Íslands með bréfi dags. 17. október 2018.
- Vinnueftirlitinu með bréfi dags. 15. október 2018.

Umsagnir frá Kjósarhreppi og Ferðamálstofu bárust ekki.

Upplýsingar og svör bárust frá framkvæmdaraðila með bréfi dags. 3. desember 2018. Í framhaldi af fundi með hagsmunaaðilum 18. desember 2018 ákvað framkvæmdaraðili að taka saman enn frekari gögn um framkvæmdina og uppfæra upplýsingar og viðbrögð við umsögnum frá 3. desember 2018 og bárust þau Skipulagsstofnun þann 12. febrúar 2019 með beiðni um að leitað væri til umsagnaraðila á ný með ósk um frekari umsögn.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 13.11.2026

Gögnin frá 12. febrúar 2019 voru eftirfarandi:

- Uppfærð viðbrögð framkvæmdaraðila við umsögnum.
- Mat á umfangi endurbóta á Bláfjallavegi og Bláfjallaleið, unnin af VSÓ fyrir Vegagerðina (VSÓ Ráðgjöf, 2018).
- Aðgerðaráætlun Vegagerðarinnar um mótvægisaðgerðir vegna Bláfjallavegar og Bláfjallaleiðar, dags. 8. febrúar 2019.

Framkvæmdaraðili hefur jafnframt bætt við upplýsingum úr skýrslum um áhættumat fyrir vatnsvernd á svæðinu og rannsóknum sem hafa verið unnar á undanförnum árum. Þessi gögn taka mið af mögulegri framtíðarnýtingu á skíðasvæðinu og við Þríhnúka. Í eftirfarandi rannsóknum er fjallað um áhættumat umfangsmeiri framkvæmda en koma fram í matsskyldufyrirspurn, s.s. uppbyggingu við Þríhnúka:

- Kópavogsbær (2018). Áhættumat vegna starfsemi á skíðasvæði í Bláfjöllum og fyrirhugaðrar starfsemi við Þríhnúkagíg gagnvart vatnsvernd og grunnvatnsmálum. Greinargerð starfshóps Kópavogsbæjar.
- Mannvit (2017). Uppbygging aðstöðu við Þríhnúkagíg og Bláfjöll. Áhættumat gagnvart vatnsvernd.
- Vatnaskil (2017). Þríhnúkagígur og skíðasvæðið í Bláfjöllum. Dreifingarreikningar vegna áhættumats uppbyggingar og starfsemi. Unnið fyrir Kópavogsbæ.
- Vatnaskil (2015). Vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu. Greinargerð um heildarendurskoðun. Unnið fyrir Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.
- Skipulagsstofnun (2012). Aðgengi að Þríhnúkagíg, Kópavogi. Aðkomuvegur, aðstaða til skoðunar og þjónustubygging. Álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum.
- ÍSOR (2012). Mengunarhætta vegna óhappa á akvegum til Bláfjalla. Unnið fyrir Þríhnúka.

Frekari umsagnir bárust frá:

- Kópavogsbæ með bréfi dags. 27. febrúar 2019.
- Garðabæ með bréfi dags. 28. febrúar 2019.
- Hafnarfjarðarbæ með bréfi dags. 4. mars 2019.
- Mosfellsbæ með tölvupósti dags. 12. mars 2019.
- Reykjavíkurborg með bréfi dags. 7. mars 2019.
- Seltjarnarnesbæ með tölvubréfi dags. 12. mars 2019.
- Framkvæmdastjórn um vatnsvernd Höfuðborgarsvæðisins með bréfi dags. 6. mars 2019.
- Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis með bréfi dags. 6. mars 2019.
- Heilbrigðiseftirliti Kjósarhrepps með tölvubréfi dags. 6. mars 2019.
- Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur með bréfi dags. 7. mars 2019.
- Minjastofnun Íslands með bréfi dags. 5. mars 2019.
- Umhverfisstofnun með bréfi dags. 22. febrúar 2019.
- Veðurstofu Íslands með bréfi dags. 1. mars 2019.
- Vinnueftirlitinu með bréfi dags. 1. mars 2019.

Umsagnir frá Kjósarhreppi og Ferðamálstofu bárust ekki.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með bréfi dags. 15. mars 2019.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 13.11.2026

3 FYRIRHUGUÐ FRAMKVÆMD

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að ráðast eigi í framkvæmdir við uppbyggingu á skíðasvæði í Bláfjöllum sem felur í sér skíðabrekkur, skíðalyftur, skíðagöngusvæði og snjóframleiðslu. Fram kemur að gert sé ráð fyrir að setja upp 480 m langa diskalyftu við brettasvæðið og lyftuhús að hámarki 10 m^2 á einni hæð við neðri endastöð lyftunnar. Árin 2019-2020 sé gert ráð fyrir að reisa nýja Drottningu, 900 m langa stólalyftu með 10 m háum möstrum, ásamt tilheyrandi mannvirkjum við endastöðvar og geymslu fyrir stóla, alls rúmlega 300 m^2 að stærð. Í kjölfarið sé gert ráð fyrir að taka niður núverandi stólalyftu. Árin 2021-2022 sé gert ráð fyrir að reisa nýjan Gosa, 400 m langa stólalyftu með 10 m háum möstrum ásamt tilheyrandi mannvirkjum við endastöðvar og geymslu fyrir stóla, rúmlega 300 m^2 að stærð. Í kjölfarið sé gert ráð fyrir að taka niður núverandi lyftu.

Fram kemur að auki sé gert ráð fyrir að beygjulyfta í Eldborgargili verði tekin niður og í stað hennar komi tvær diskalyftur þar sem önnur þjóni Eldborgargili en hin nýtist sem tengilyfta yfir í Kóngsgil. Reist verði ný diskalyfta fyrir byrjendur við hlið samskonar lyftu við Bláfjallaskála og Borgarlyfta verði lengd um allt að 70 metra. Þá sé gert ráð fyrir að snúa byrjendalyftu (diskalyftu) í Sólskinsbrekku og staðsetja aðra samskonar lyftu við hlið hennar.

Fram kemur að gert sé ráð fyrir að samhliða því að skíðalyftur verði reistar innan svæðisins verði skíðabrekkur og svæði umhverfis lyftur mótaðar eftir þörfum með vinnuvélum. Núverandi skíðabrekkur og þar með röskuð svæði séu um 53 ha.Gert sé ráð fyrir að raska 15 ha til viðbótar fram til 2024.

Fram kemur að leggja eigi nýja tvöfalda, 10 m breiða skíðagönguleið í um 2 km langan hring, frá aðstöðuhúsi fyrir skíðagöngufólk. Um 500 m af brautinni muni liggja yfir jaðar Strompahrauns en nánari staðsetning verði útfærð með tilliti til hraunsins. Á hrauninu verði brautin látin falla sem best að landslaginu og landið undir brautina jafnað með aðfluttu. Gert er ráð fyrir að skíðagönguleiðin verði raflýst í samráði við Umhverfisstofnun.

Fram kemur að gert sé ráð fyrir að setja upp snjóframleiðslukerfi í tveimur áföngum fyrst á Heimatorfu og síðar við Suðurgil. Í fyrri áfanga sé gert ráð fyrir um 5.300 m^2 borplani norðan við vélaskemmuna og að boraðar verði tvær um 300 metra djúpar holur. Þar verði reist allt að 60 m^2 dæluhús og vatni dælt í 6.000 m^2 miðlunarlón. Lagnir fyrir vatn verði lagðar um þriggja km vegalengd neðanjarðar, og stútar verði á lögnum sem á verða settar snjóbyssur. Seinni áfangi er fyrirhugaður árið 2027.

4 UMHVERFISÁHRIF

Umfang mats

Í gögnum framkvæmdaraðila koma fram upplýsingar um fyrirhugaðar framkvæmdir á árunum 2019-2024 og nær framlögð fyrirspurn um matsskyldu til þeirra samanber kafla 3 hér á undan. Ekki sé talið raunhæft að óska eftir ákvörðun um matsskyldu þeirra framkvæmda sem séu áætlaðar lengra fram í tímann, en það verði gert þegar nær dragi þeim framkvæmdum.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur bendir á að fyrirspurnin nái aðeins til framkvæmda sem áætlaðar séu á árunum 2019-2024 og ítrekar eftirlitið það sem áður hafi komið fram í umsögnum embættisins um að horfa verði heildstætt á framkvæmdir á svæðinu m.t.t. vatnsverndar í samræmi við ákvæði samþykktar nr. 555/2015.

Reykjavíkurborg tekur undir athugasemdir sem birtast í umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um að horfa þurfi heildstætt á framkvæmdir á svæðinu m.t.t. vatnsverndar í samræmi við ákvæði samþykktar nr. 55/2015, um mikilvægi frekari rannsókna um grunnvatnsskil og strauma á svæðinu

Skjal sótt af '0000000000' dags: 13.11.2026

og að mótvægisaðgerðir vegna mengunarhættu séu skilgreindar og tryggðar áður en farið er í miklar viðbótarframkvæmdir á svæðinu.

Í svörum framkvæmdaraðila er vísað til greinargerðar starfshóps Kópavogs sem vann áhættumat um vatnsvernd og grunnvatnsmál vegna starfsemi á skíðasvæðinu í Bláfjöllum og fyrirhugaðrar starfsemi við Þríhnúkagíg. Í mati á umhverfisáhrifum framkvæmda við Þríhnúkagíg hafi samlegðaráhrif með skíðasvæðinu í Bláfjöllum verið til umfjöllunar, sbr. álit Skipulagsstofnunar frá árinu 2012. Þar hafi verið sett fram tvö skilyrði, annars vegar um hönnun aðkomuvegar sem tekið verði tillit til og hins vegar um að lokið verði við heildarendurskoðun vatnsverndar sem nú sé lokið.

Þá sé litið til skýrslu Íslenskra orkurannsókna (ÍSOR) um mengunarhættu vegna óhappa sem unnin var vegna Þríhnúkagíga, útreikninga Vatnaskila á mögulegri mengunardreifingu sem hafi verið uppfærðir vegna endurskoðunar á vatnsverndarsvæðum höfuðborgarsvæðisins og til endurskoðunar vatnalíkans Vatnaskila og dreifireikninga vegna áhættumats uppbyggingar og starfsemi í Bláfjöllum. Öll ofangreind gögn taki til margþættrar nýtingar á skíðasvæðinu og nágrenni þess og því liggi fyrir ítarleg gögn sem fjalla heildstætt um mögulegar framkvæmdir.

Í framlagðri tilkynningu er fjallað um framkvæmdir sem fyrirhugaðar séu á árunum 2019-2024. Þær felist m.a. í snjóframleiðslukerfi, bílastæði, skíðagöngubraut og nýjum skíðalyftum. Ráðast eigi í síðari áfanga framkvæmda á árunum 2025-2030. Verði sá áfangi útfærður nánar með tilliti til fenginnar reynslu og niðurstaða vöktunar.

Vatnsvernd/Grunnvatn

Fram kemur að ástand fráveitu hafi verið metið árið 2008 og úrbætur gerðar í samræmi við það og sé önnur úttekt áætluð fyrir árið 2020. Stækkun og uppfærsla á fráveitukerfinu verði gerð í samráði við heilbrigðiseftirlit og tryggt að fráveita anni því viðbótarmagni sem gera megi ráð fyrir. Stærra fráveitukerfi muni auka líkur á því að leki eða óhöpp verði og því þurfi að vanda til við framkvæmdir og viðhald.

Fram kemur að snjór verði framleiddur með snjóbyssum sem blási/dreifi vatni út í loftið þar sem það frjósi og verði að snjó en engin íblöndunarefni verði notuð við snjóframleiðslu. Með tilkomu snjóframleiðslu megi gera ráð fyrir að opnunardögum fjölgi og líklegt sé að heildaraðsókn aukist yfir árið en reiknað sé með að gestir á skíðasvæðinu verði um 60.000 að meðaltali á ári sem sé um 50% aukning miðað við núverandi aðstæður. Þar með aukist umferð og líkur á slysum en óvíst sé hvort að heildarfjöldi gesta yfir staka daga verði meiri. Með fleiri opnunardögum geti aðsóknin einnig dreifst og orðið jafnari, með færri álagstímum í umferð sem minnki líkur á slysum.Fram kemur að í greinargerð starfshóps Kópavogs sé fjallað um sviðsmyndir fyrir Þríhnúkagíg og skíðasvæðið sem geri ráð fyrir mismikilli umferð. Fram komi að ef tryggt sé að mengunarvarnir við aðkomu og á bílastæðum skíðasvæðisins verði með sem bestum hætti, sé vandséð að aukin aðsókn að svæðinu vegna tilkomu snjóframleiðslu breyti miklu hvað varðar líkur á mengun grunnvatns.

Fram kemur að úrbætur á Bláfjallavegi geti stórlega dregið úr slysatíðni og þar með mögulegum olíulekum. Brýnt sé að breikka veginn, minnka fláa, setja vegrifflur í kanta, setja vegrið og aðskilja akstursstefnur á ákveðnum köflum auk þess að tryggja viðunandi færð vegarins yfir vetrartímann sbr. áform Vegagerðarinnar sem lýst er á bls. 7 hér að aftan.

Hafnarfjarðarbær vísar til samþykktar um vatnsvernd vatnsbóla Höfuðborgarsvæðisins um að öll landnot á fjarsvæði verði að falla að forsendum vatnsverndar. Óvissa sé um legu grunnvatnsskila og rétt sé að bora holur til þess að fá betri vitneskju um þau og betri forsendur til þess að meta áhættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda sem skuli háðar mati á umhverfisáhrifum og gerð ítarleg skil á mótvægisaðgerðum og vöktun vegna vatnsverndar.

Reykjavíkurborg bendir á að brýn þörf sé á frekari rannsóknum á grunnvatnskerfinu til að greina betur eðli, umfang og staðsetningu mótvægisaðgerðanna t.d. þeirra sem varði vegaúrbætur. Miðað við tilgreind framkvæmdaáform, skort á mikilvægum upplýsingum um grunnvatnskerfið og töluvert

Skjal sótt af '0000000000' dags: 13.11.2026

umfang nauðsynlegra mótvægisaðgerða þá megi rökstyðja að mat á umhverfisáhrifum sé æskilegt. Mikilvægi vatnsverndar fyrir höfuðborgarsvæðið vegi afar þungt og gæta þurfi fyllstu varúðar.

Framkvæmdastjórn um vatnsvernd höfuðborgarsvæðisins telur að þörf sé á mati á umhverfisáhrifum vegna staðsetningar svæðisins inni á viðkvæmu fjarsvæði vatnsverndar höfuðborgarsvæðisins og þeirrar hættu sem skapast geti ef mengunaróhöpp verði vegna umferðar inn á svæðið eða við framkvæmdir.

Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis bendir á að áformuð uppbygging sé innan vatnssöfnunarsvæðis vatnsveitna á höfuðborgarsvæðinu. Viðkvæmni svæðisins krefjist agaðra vinnubragða og mótvægisaðgerða sem skipti máli jafnt innan svæðisins sem utan svo tvöföldun á nýtingu svæðisins muni geta átt sér stað á farsælan hátt. Í ljósi þess sé nauðsynlegt að boðaðar framkvæmdir á skíðasvæðinu fari í mat á umhverfisáhrifum.

Heilbrigðisnefnd hafi sýnt því velvilja þegar Skíðasvæðin hafi viljað fara í einhverjar úrbætur sem hægt sé að segja með sanngirni að geti styrkt rekstur þeirra, rýmist undir ákvæði samþykktar um verndarsæði vatnsbóla nr. 555/2015 eða forvera hennar og sem ekki ógni um leið öryggi vatnsverndar. Þær framkvæmdahugmyndir sem settar séu nú fram lýsi áformum um verulega umfangsmikla uppbyggingu á skíðasvæðinu í Bláfjöllum.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur bendir á að framkvæma þurfi frekari rannsóknir á svæðinu, m.a. hvað varði legu grunnvatnsskila, en lengi hafi legið fyrir að rannsóknir og þekkingu skorti á grunnvatnsstraumum á Bláfjallasvæðinu. Ekki sé ásættanlegt að taka ákvörðun um frekari uppbyggingu á Bláfjallasvæðinu fyrr en traustari vísindalegur grunnur liggi fyrir. Heilbrigðiseftirlitið vísar til samþykktar um verndarsvæði vatnsbóla um að óheimilt sé að veita leyfi fyrir nýjum framkvæmdum og rekstri innan vatnsverndarsvæðisins í Bláfjallafólkvangi fyrr en fullnægjandi mótvægisaðgerðir hafi verið lagðar fram til að lágmarka mengunarhættu vegna umferðar. Enn fremur er vísað í tilkynningu um niðurstöður starfshóps Kópavogsbæjar um að mótvægisaðgerðir eigi m.a. að fela í gerð aðgerðaráætlunar um úrbætur vegsamgangna á Bláfjallavegi og Bláfjallaleið til þess að draga úr líkum á slysum og þar með mengunarhættu. Tekið er undir umsögn Framkvæmdastjórnar um vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins dags. 10. október sl. og umsögn Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis dags. 24. október sl. og talið að boðaðar framkvæmdir eigi miðað við fyrirliggjandi gögn að gangast undir mat á umhverfisáhrifum.

Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis tekur einnig undir umsögn framkvæmdastjórnar um vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins og telur að boðaðar framkvæmdir eigi að fara í mat á umhverfisáhrifum vegna stærðar og umfangs framkvæmda og sammögnunaráhrifa með öðrum framkvæmdum. Skoða þurfi mengunarhættu með tilliti áhrifa á neysluvatn höfuðborgarbúa.

Umhverfisstofnun bendir á að stofnunin telji að vatnsverndarsvæðum höfuðborgarsvæðisins muni frekar stafa ógn af rekstri skíðasvæðisins en af mannvirkjagerð á svæðinu. Vísað er til samþykktar um verndarsvæði vatnsbóla á höfuðborgarsvæðinu þar sem fram komi að á fjarsvæði sé aðalákoma fyrir grunnvatnsstrauma sem liggi að núverandi og framtíðarvatnsbólum og að öll landnot verði að falla að forsendum vatnsverndar.

Vísað er til áhættumats fyrir vatnsvernd vegna uppbyggingar aðstöðu við Þríhnúkagíg og í Bláfjöllum. Þar komi m.a. fram að þörf sé á mótvægisaðgerðum m.a. lagfæringu á hættulegustu köflum aðkomuvega til þess að draga úr líkum á mengunarslysum. Einnig sé bent á að bílastæði við skíðasvæðið í Bláfjöllum séu á vatnaskilum sem þýði að mengun á svæðinu færi ekki endilega í vatnsból höfuðborgarsvæðisins. Umhverfisstofnun telji að ganga þurfi úr skugga um þetta og grípa til aðgerða ef þurfa þyki, s.s. að leggja bundið slitlag á bílastæðið og koma fyrir olíuskiljum. Einnig vísar Umhverfisstofnun til greinargerðar starfshóps Kópavogsbæjar þar sem segi m.a.: „Niðurstaða hópsins er að ásættanlegt sé að vera með starfsemi í Bláfjöllum og við Þríhnúkagíg hvað varðar vatnsvernd, enda verði sú starfsemi byggð á þeim mótvægisaðgerðum sem getið er um í uppfærðu

Skjal sótt af '0000000000' dags: 13.11 2026

áhættumati. Þær mótvægisaðgerðir eru nauðsynlegar forsendur þess að starfsemin ógni ekki núverandi stöðu vatnsverndar höfuðborgarsvæðisins og draga þannig verulega úr líkum á að grunnvatn mengist og að vatnsbólum höfuðborgarsvæðisins stafi hætta af þeirri mengun.“

Í svörum framkvæmdaraðila sem voru uppfærð 12. febrúar 2019, er bent á að megin athugasemdir umsagnaraðila snúi að vatnsvernd. og snúi að fjórum meginflokkum: (1) rekstri svæðisins, (2) framkvæmdatíma, (3) umferð um Bláfjallaveg og Bláfjallaleið og (4) grunnvatnsskilum og grunnvatnsstraumum.

Rekstur svæðisins

Fram kemur að vegna mengunarhættu frá bílastæðum verði útfærsla þeirra unnin í samráði við heilbrigðiseftirlit og ákveðið hvaða lausn sé best hverju sinni eftir aðstæðum. Úttekt á fráveitukerfi hafi farið fram sumarið 2018 og voru gerðar athugasemdir við fituskilju og frágang siturbeðs og verði lokið við lagfæringar á þessum þáttum næsta sumar.

Framkvæmdatími

Fram kemur að farið verði eftir ábendingum umsagnaraðila og gert sérstakt áhættumat vegna framkvæmdanna og kröfur til verktaka settar í útboðsgögn, m.a. um meðferð olíuefna á svæðinu. Einnig verði, í samræmi við samþykkt um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu, aflað leyfis heilbrigðiseftirlits um notkun efna í vegstæði, um tímasetningu framkvæmda, um staðsetningu vinnubúða og annarra atriða eftir því sem við á.

Umferð um Bláfjallaveg

Fram kemur í svörunum að framkvæmdaraðili og Samband sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu muni vinna, í samráði við Vegagerðina, að úrbótum á vegum og stýringu á umferð. Fyrir liggi mat á umfangi endurbóta á Bláfjallavegi og Bláfjallaleið sem byggi á umferðaröryggisúttekt, slysagreiningu, kröfum um veghönnun og greiningu á mengunarhættu vegna vatnsverndar (VSÓ Ráðgjöf 2018). Setja þurfi skilyrði um leiðbeinandi hraða á köflum þar sem kröfur um hámarkslanghalla fyrir leyfðan hraða nást ekki.

Fram kemur að Vegagerðin hafi sett fram eftirfarandi áfangaskipta og tímasetta áætlun um úrbætur á aðkomuvegi að Bláfjöllum sem miðar að því að takmarka umferð innan vatnsverndarsvæðis og auka öryggi á vegum innan svæðisins:

Árið 2019 verði syðri hluta Bláfjallavegar lokað fyrir almennri umferð frá gatnamótun Bláfjallavegar og Bláfjallaleiðar og suður undir hellinn Leiðarenda. Vegagerðin hafi óskað eftir áliti Hafnarfjarðarbæjar og Kópavogsbæjar hvað þetta varðar. Jafnframt verðir fyrirhuguð lokun borin undir Lögregluna á Höfuðborgarsvæðinu. Lokunin verði framkvæmd með slám framan af. Síðar verði áhrif framkvæmdarinnar metin og þá m.a. athugað hvort loka eigi með öðrum hætti. Með þessari mótvægisaðgerð falli út akstur á 11,6 km löngum vegi með tilheyrandi hættu.

Árið 2020 verði valdir þeir vegkaflar þar sem talið sé heppilegra að setja upp vegrið en að mýkja fláa. Það séu vegkaflar með mjög bröttum fláa þar sem sérlega hættulegt væri að aka út af vegi og talsvert efni þyrfti til að uppfylla kröfur Vegagerðarinnar um vegfláa innan öryggissvæða vega. Sett verði upp víravegrið (fláavegrið) með tilheyrandi lagfæringum.

Árið 2021 verði valdir vegkaflar, í samráði við Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, þar sem talið sé sérlega hætt við mengunarslysum færu ökutæki út af vegi. Efni, sem valið verði í samráði við Heilbrigðiseftirlitið, verði mótað í vegfláa þannig að flái verði ekki brattari en 1:3, helst 1:4, og farið verði að kröfum Vegagerðarinnar um sléttleika innan öryggissvæða.

Árin 2022-2025 verði sama verklag og árið 2021 viðhaft þar til ásættanlegum árangri hafi verið náð að mati Vegagerðarinnar og Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 13.11 2026

Þar með liggi fyrir áætlun Vegagerðarinnar um mótvægisaðgerðir vegna umferðar á svæðinu og með því hafa verið uppfyllt þau skilyrði sem koma fram í opinberum áætlunum og komið til móts við umsagnir.

Grunnvatnsskil og grunnvatnsstraumar

Fram kemur að umsagnaraðilar bendi á að óvissa sé um legu grunnvatnsskila við skíðasvæðið í Bláfjöllum og í greinargerð starfshóps Kópavogs segi að óvissa sé um hvort grunnvatn þar leiti til suðurs í átt að Selvogi og Hlíðarvatni eða í norðvesturátt í átt að vatnsbólum höfuðborgarsvæðisins. Því sé skíðasvæðið talið innan fjarsvæðis vatnsverndar höfuðborgarsvæðisins og skipulag og framkvæmdaáætlun unnin út frá þeim forsendum. Borholur vegna vatnsöflunar til snjóframleiðslu verði notaðar til rannsókna m.a. til að fylgjast með grunnvatnsstöðu og beri rekstraraðili skíðasvæðis ábyrgð á mælingum. Með hliðsjón af áhættumati Mannvits og niðurstöðum stýrihóps Kópavogsbæjar sé talið að framkvæmdir við skíðasvæðið séu ekki líklegar til að hafa neikvæð áhrif á grunnvatn , óháð því hvert grunnvatnsstraumar liggi.

Framkvæmdaraðili hafi óskað eftir tillögu frá Íslenskum Orkurannsóknum (ÍSOR) um borun vöktunarhola sem styrki grunnvatnslíkan Vatnaskila með áherslu á Bláfjallasvæðið í tengslum við áform um framkvæmdir á skíðasvæðinu. Jafnframt hafi verið óskað eftir faglegri rýni á grunnvatnslíkaninu. Auk þess hafi verið óskað eftir tillögum að rannsóknaráætlun til að styrkja grunnvatnslíkan og bregðast við áformum um fyrirhugaðar framkvæmdir á skíðasvæði í Bláfjöllum. Til skoðunar séu áætlanir um framkvæmdir, fyrri rannsóknir á svæðinu og úttektir sem fyrir liggja. Niðurstöðum frá ÍSOR verði skilað í skýrslu fyrir vorið 2019. Með ákvörðun um að ráðast í borun vöktunarhola er komið til móts við umsagnir, þar sem óskað er eftir frekari gögnum um svæðið, annars vegar til að marka vatnaskil og hins vegar að eiga vöktunarholur að nýtast til að fylgjast með gæðum grunnvatns.

Í frekari umsögnum sem byggja á endurskoðuðum svörum framkvæmdaraðila við fyrri umsögnum og viðbótargögnum sem send voru til umsagnaraðila þann 12. febrúar 2019, kom m.a. fram:

Reykjavíkurborg telur að brugðist hafi verið við athugasemdum borgarinnar sem gerðar voru í fyrri umsögn, sem einkum vörðuðu möguleg áhrif á vatnsvernd, þörf á frekari grunnvatnsrannsóknum og nauðsynlegar mótvægisaðgerðir vegna mengunarhættu, sér í lagi vegaúrbætur. Í ljósi viðbótarupplýsinga telur Reykjavíkurborg að ekki sé þörf á að framkvæmdin fari í umhverfismat en mikilvægt sé að áætlun Vegagerðarinnar um vegaúrbætur verði að veruleika og verksamningur ÍSOR og framkvæmdaraðila um frekari grunnvatnsrannsóknir ætti að skapa heildstæðari þekkingargrundvöll um vatnsverndarsvæðið. Mikilvægt sé að mótvægisaðgerðir gegn mengunarslysum taki mið af viðbótarupplýsingum sem muni koma fram í þeim rannsóknum.

Umhverfisstofnun telur að viðbrögð framkvæmdaraðila við umsögn stofnunarinnar séu fullnægjandi en áréttar að samkvæmt auglýsingu um fólkvanginn sé jarðrask óheimilt nema með leyfi stofnunarinnar og hverskonar mannvirkjagerð háð samþykki hennar. Varðandi vatnsvernd telur Umhverfistofnun þörf á vöktunaráætlun fyrir Bláfjallasvæðið til að fylgja eftir mótvægisaðgerðum sem tilgreindar séu í fyrirliggjandi áhættumati vegna uppbyggingar í Bláfjöllum og við Þríhnúkagíg. Mikilvægt sé að vandað sé til verka, jarðmyndum verði hlíft eins og kostur er og skerðingu á þeim haldið í lágmarki. Með vísan til framangreinds er framkvæmdin ekki líkleg til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif og því ekki matsskyld.

Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis og Framkvæmdastjórn vatnsverndar Höfuðborgarsvæðisins telja í ljósi aukins samráðs, nýrra gagna og áhættumats ásamt áformum um frekari rannsóknir á svæðinu sé ekki þörf á umhverfismati. Mikilvægt sé að úrbætur á Bláfjallavegi og Bláfjallaleið séu samhliða áframhaldandi uppbyggingu og framkvæmdum í Bláfjöllum og að Bláfjallavegi verði lokað þegar í stað eins og fram komi í gögnum framkvæmdaraðila. Þá verði skoðað að lækka hámarkshraða á Bláfjallavegi i 70 km/klst. Ítrekað er að sækja þarf um starfsleyfi

Skjal sótt af '0000000000' dags: 13.11 2026

fyrir hverja framkvæmd og þarf það að liggja fyrir áður en framkvæmdaleyfi verður gefið út fyrir viðkomandi framkvæmd.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur telur í ljósi þess a fyrir liggi verksamningur ÍSOR og framkvæmdaraðila um að fara í frekari rannsóknir á svæðinu hvað varði grunnvatnslíkan svo og áætlanir um úrbætur á Bláfjallavegi og Bláfjallaleið sé ekki þörf á að framkvæmdin fari í umhverfismat. Ítrekað sé að mikið álag sé nú þegar á svæðinu m.a. hvað varði umferð ökutækja á hættulegum vegum og með aukinni uppbyggingu á aðstöðu á skíðasvæðinu muni sú hætta aukast enn frekar, bæði á framkvæmdatíma og svo við aukinn flutning á fólki inn á svæðið. Slys eða óhöpp, gætu valdið óafturkræfum eða mjög dýrkeyptum afleiðingum fyrir samfélagið.

Hafnarfjarðarbær telur að með mikilvægi vatnsverndar í huga skuli framkvæmdin háð mati á umhverfisáhrifum. Þá bendir bærinn á að í tímasettri verkáætlun komi hvorki fram hvernig né hvenær mótvægisaðgerðir við bílastæði komi til framkvæmda og gerð er athugasemd við að snjóframleiðsla verði hafin áður en vegfláar hafi verið lagfærðir.

Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis, Minjastofnun Íslands, Veðurstofa Íslands og Vinnueftirlit ríkisins vísa til fyrri umsagna sinna og gera ekki frekari athugasemdir.

Í svörum framkvæmdaraðila við frekari umsögnum kemur fram að skilmálar Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, um að ekki verði samþykkt eitt heildarstarfsleyfi fyrir framkvæmdirnar heldur verði gefið út starfsleyfi fyrir sérhverja framkvæmd, séu ásættanlegir.

Varðandi athugasemd Hafnarfjarðarbæjar um tímasetta verkáætlun er tekið fram að breytingar á bílastæðum verði skoðaðar þegar nánari útfærsla á framkvæmdum verði unnin.

Ásýnd og landslag

Fram kemur að gera megi ráð fyrir að efstu möstur í nýjum stólalyftum, sem verði um 10 m á hæð, og efri endastöðvar muni bera við himinn séð frá þeim sem verði á svæðinu. Bent er á að fyrir séu möstur og endastöðvar á toppi Bláfjalla auk fjarskiptamannvirkja sem séu mjög áberandi séð frá svæðinu. Sjónræn áhrif lengra frá skíðasvæðinu séu talin óveruleg.

Umhverfisstofnun bendir á að skíðasvæði hafi verið rekið í Bláfjöllum frá því 1968 og talsverðar framkvæmdir fylgt því m.a. mótun brekkna, bygging skíðaskála o.fl. Ráðgert sé að ráðast í frekari framkvæmdir af þessu tagi á næstu árum og muni þær framkvæmdir að mestu verða á röskuðum svæðum eða í framhaldi svæða sem þegar hafi verið raskað. Stofnun telur að frekari uppbygging í Bláfjöllum muni ekki hafa umtalsverð?áhrif í för með sér umfram það sem þegar sé orðið, enda verði uppbyggingin í samræmi við þær reglur sem gilda um Bláfjallafólkvang.

5 SKIPULAG OG LEYFI

Framkvæmdin er í samræmi við Aðalskipulag Kópavogs 2012-2024 og deiliskipulag Bláfjallasvæðisins sem tók gildi í nóvember 2018. Framkvæmdin samræmist einnig ákvæðum um friðlýsingu Bláfjallafólkvangs nr. 173/1985.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar leyfum Kópavogsbæjar samkvæmt skipulagslögum og reglugerð um framkvæmdaleyfi. Stakir framkvæmdaþættir kunna að vera háðir byggingaleyfi Kópavogsbæjar samkvæmt lögum um mannvirki. Einnig starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis samkvæmt reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Vakin er sérstök athygli framkvæmdaraðila á því sem kemur fram í umsögn Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogsvæðis um að sækja þarf um starfsleyfi áður en framkvæmdaleyfi er veitt fyrir einstökum verkþáttum. Þá er allt jarðrask innan Bláfjallafólkvangsins óheimilt nema með leyfi Umhverfisstofnunar auk þess hvers konar mannvirkjagerð er háð samþykki stofnunarinnar.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 13.11.2026

Uppsetning og rekstur á skíðalyftum og togbrautabúnaði er háð leyfi Vinnueftirlitsins og skal uppfylla kröfur reglugerðar um togbrautir til fólksflutninga.

6 NIÐURSTAÐA

Um er að ræða framkvæmdir á árunum 2019-2024 sem felast í mótun skíðabrekkna, uppsetningu skíðalyfta, gerð skíðagöngusvæðis og snjóframleiðslu á skíðasvæðinu í Bláfjöllum. Núverandi röskun á svæðinu tekur til um 53 ha og gert er ráð fyrir að við framkvæmdir til ársins 2024 verði um 15 ha svæði raskað til viðbótar.

Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 12.01 í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Eðli framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal einkum taka mið af eðli framkvæmdar svo sem stærð og umfangi, samlegðaráhrifum, úrgangsmyndun, mengun og slysahættu, sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Um er að ræða nokkuð umfangsmiklar framkvæmdir á skíðasvæðinu í Bláfjöllum með það að markmiði að bæta aðstöðu til skíðaiðkunar á svæðinu. Framkvæmdir verða á fjarsvæði vatnsverndar og munu að hluta fara fram á óröskuðu svæði en að mestu leyti á þegar röskuðu svæði en um verður að ræða samlegðaráhrif með þeim mannvirkjum sem eru fyrir á svæðinu og þeirri röskun sem þegar hefur átt sér stað. Ekki er líklegt að frekari landmótun á skíðaleiðum og nýjar skíðalyftur muni breyta verulega ásýnd svæðisins frá því sem nú er.

Úrbætur á skíðasvæðinu munu hafa í för með sér aukna umferð um svæðið á framkvæmdatíma og aukna aðsókn gesta eftir því sem framkvæmdum miðar áfram. Umferð vélknúinna ökutækja á aðkomuvegum mun því aukast frá því sem nú er og lúta megin athugasemdir umsagnaraðila að aukinni hættu á mengun grunnvatns og hugsanlega vatnsbóla höfuðborgarsvæðisins vegna þessarar aukningar.

Í gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að gerðar hafa verið ítarlegar rannsóknir á hættu á mengun grunnvatns og vatnsbóla vegna framkvæmda á svæðinu og aukinnar bílaumferðar á aðkomuvegum sem liggja um fjarsvæði vatnsverndar. Niðurstaða þeirra rannsókna sé sú að lítil hætta sé á mengun grunnvatns en umsagnaraðilar hafa bent á að nauðsynlegt sé að gera sérstakar ráðstafanir umfram þær sem gerðar hafa verið til að koma í veg fyrir eða draga sem mest úr hættu á mengunaróhöppum við framkvæmdir og ekki síður vegna aukinnar almennrar umferðar um vatnsverndarsvæðið. Fyrir liggur mat á umfangi endurbóta á aðkomuvegum sem byggja á umferðaröryggisúttekt, slysagreiningu, kröfum um veghönnun og greiningu á mengunarhættu vegna vatnsverndar og hefur Vegagerðin sett fram tímasetta áætlun um úrbætur á aðkomuvegum að Bláfjöllum sem miðar að því að takmarka umferð innan vatnsverndarsvæðis og auka öryggi á vegum innan svæðisins auk þess að gera samning við Íslenskar orkurannsóknir um ítarlegri rannsóknir á grunnvatni svæðisins. Fyrirhuguð vöktun muni einnig stuðla að aukinni þekkingu á grunnvatnsstraumum. Skipulagsstofnun telur mikilvægt að lögð sé áherslu á samráð við hagsmunaaðila og að tryggt verði að starfsleyfi vegna einstakra verkþátta liggi fyrir áður en leyfi til framkvæmda verði gefin út eins og Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis hefur bent á.

Staðsetning framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar, svo sem landnotkun sem fyrir er eða er fyrirhuguð samkvæmt skipulagsáætlun, svæða sem njóta verndar í samræmi við reglugerð um varnir gegn mengun vatns

Skjal sótt af '0000000000' dags: 13.11.2026

og reglugerð um neysluvatn vegna grunnvatnsmengunar og verndarsvæðum sem falla undir ákvæði náttúruverndarlaga, sbr. 2 tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Eins og áður sagði er skíðasvæðið í Bláfjöllum á fjarsvæði vatnsverndar höfuðborgarsvæðisins og innan Bláfjallafólkvangs. Leggja þarf áherslu á að við framkvæmdirnar verði staðið að verki í samræmi við þær reglur sem eru í gildi á fjarsvæði vatnsverndar og friðlýstum svæðum sem og í samræmi við ákvæði aðal- og deiliskipulags. Eins og rakið var að framan mun aðsókn að skíðasvæðinu aukast og þar með umferð ökutækja um Bláfjallaveg. Skipulagsstofnun tekur undir álit Reykjavíkurborgar, Heilbrigðiseftirlits borgarinnar, Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis og Framkvæmdastjórn vatnsverndar Höfuðborgarsvæðisins um mikilvægi vegaúrbóta til þess að draga sem mest úr hættu á óhöppum sem geta haft í för með sér mengunarhættu.

Eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eiginleikum hugsanlegra áhrifa framkvæmda að teknu tilliti til eðlis og staðsetningar þeirra, svo sem stærðar og fjölbreytileika áhrifa, og fjölda þess fólks sem ætla má að verði fyrir áhrifum, tímalengdar og afturkræfni áhrifa, sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Umhverfisáhrif fyrirhugaðra framkvæmda á skíðasvæðinu í Bláfjöllum felast í raski á jarðmyndanir og og ásýndarbreytingum vegna landmótunar á skíðaleiðum og vegna nýrra skíðalyfta með tilheyrandi húsbyggingum og möstrum. Framkvæmdasvæðið er að hluta þegar raskað vegna landmótunar fyrir skíðaleiðir, skíðalyftur eru í hlíðum og hús á toppi Bláfjalla. Áhrif á jarðmyndanir verða varanleg en eru bundin við tiltölulega afmarkað svæði. Ásýndarbreytingar svæðisins verða helst áberandi fyrir þá sem sem sækja svæðið til skíðaiðkunar en einnig þá sem koma á svæðið utan skíðatímabilsins og því mikilvægt að allur frágangur verði sem vandaðastur og ítrekar Skipulagsstofnun að hafa þurfi í huga að um er að ræða framkvæmdir innan svæðis sem er friðlýst sem fólkvangur og er vatnsverndarsvæði.

Framkvæmdirnar munu einnig og ekki síður hafa áhrif á aðsókn að svæðinu, umferð um aðkomuvegi mun aukast og þar með aukin hætta á óhöppum með mögulegum áhrifum á grunnvatn og vatnsból höfuðborgarsvæðisins. Gerð hefur verið grein fyrir grunnvatnsrannsóknum og hættumati vegna umferðar að og frá skíðasvæðinu og lagðar fram í ferlinu ítarlegar tillögur um úrbætur á Bláfjallavegi og aðgerðir sem gera ráð fyrir að Bláfjallaleið verði lokað til þess að draga úr hættu á mengunaróhöppum auk þess sem ráðist verður í enn frekari rannsóknir og vöktun grunnvatns. Skipulagsstofnun tekur undir með Umhverfisstofnun um nauðsyn vöktunaráætlunar fyrir Bláfjallasvæðið og að þörf sé að fylgja eftir mótvægisaðgerðum sem tilgreindar eru í fyrirliggjandi áhættumati vegna uppbyggingarinnar í Bláfjöllum og við Þríhnjúka, m.a. að grípa þurfi til aðgerða ef þurfa þykir til að koma i veg fyrir mengun geti borist í grunnvatn, s.s. að leggja bundið slitlag á bílastæði og koma fyrir olíuskiljum.

Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirliggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 31. maí 2019.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 13.11 2026

Reykjavík, 26. apríl 2019

Jakob Gunnarsson

Egill Þórarinsson

Skjal sótt af '0000000000' dags: 13.11 2026